

Miðvikudaginn 5. maí 1982.

Nr. 200/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur
vararíkissaksóknari)

gegn

Þórarni Ásgeiri Samúelssyni

(Guðmundur Markússon hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981, og er málinu áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds. Ágrip barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Af hálfu ákærvalds er hér fyrir dómi krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Verjandi krefst sýknu eða að refsing verði niður felld og að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur á ríkissjóð.

Í ákæruskjali 24. mars 1981 er bifreið ákærða ranglega tilgreind X 3176, en á að vera Y 3176, svo sem í héraðsdómi greinir. Þrátt fyrir þessa misritun er unnt að leggja dóm á ákæruefnið, sbr. 118. gr., 3. málsg., laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber refsíákvörðun héraðsdóms, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði allan

kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð, 2.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Markússonar hæstaréttarlögmanns, 2.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 8. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. maí 1981, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 24. mars 1981, „á hendur Þórarni Ásgeiri Samúelssyni bifreiðarstjóra, Hófgerði 17 í Kópavogi, fæddum 17. ágúst 1930 á Vindheimum í Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu, fyrir að aka mánudaginn 8. september 1980 bifreiðinni X 3176 með 81 kílómetra hraða vestur Hringbraut austan Bjarkargötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976 og lög nr. 16/1977, sbr. samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 318/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að mánudaginn 8. september 1980 ók ákærði bifreiðinni Y 3176 vestur Hringbraut, og mældist hraði hennar samkvæmt radarmælingu lögreglunnar í Reykjavík 81 km á klst. Á þeim vegarkafla, er mæling fór fram, er heimilaður hámarkshraði á klst. 50 km. Aðstæður þar voru eftirfarandi:

Birta og sólskin, yfirborð vegar malbikað og þurrt og ekið fram hjá gangbraut og strætisvagnabiðstöð.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 26. janúar sl., þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið á ólögumætum hraða, svo sem segir í skýrslu lögreglu, dskj. nr. 1. Kvaðst hann þó ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar. Taldi hann aksturinn hafa farið fram við bestu skilyrði, ekki mundi hann eftir fólki við biðstöð þá, er hann ók fram hjá, en hugsanlega hafi verið fólk á gangbraut, syðri akrein.

Ákærði kom fyrir dóm þann 23. febrúar 1981, þar sem hann staðfesti fyrri framburð sinn. Kvaðst hann ekki geta vefengt mælingu lögreglumannanna, sem í skýrslu sinni telja ökuhraða

umrætt sinn hafa verið 81 km/klst., enda hafi bifreið sú, sem hann ók, verið ný í hans eigu og leyni hraða vel. Hann telji sig hins vegar ekki hafa framið afbrot með þessum akstri, þar sem aðstæður hafi allar verið hinar ákjósanlegustu.

Fyrir dómi þann 6. maí sl. lýsti ákærði því yfir, að hann óskaði ekki eftir að halda uppi vörnum að öðru leyti en því, að bókuð yrði krafa hans um sýknu, þar sem aksturskilyrði voru, þá er akstur sá, er ákært er fyrir, fór fram, eins og best var á kosið, engar tálmanir verið né neitt það, er hættu gæti valdið, þótt ákærði hefði ekið á 81 km hraða.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, lögregluskýrslum svo og öðrum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar að öllu leyti réttilega heimfærð til refsíákvæða. Þó athugast, að bifreið sú, er tilgreind er í ákæruskjali, ber skráningarmarkið Y 3176, en þessi ónákvæmni í ákæru veldur þó hvorki frávisun né sýknu. Þá þykir það eigi heldur hafa áhrif á framangreinda niðurstöðu, að akstursskilyrði voru góð, er framangreindur akstur ákærða fór fram, enda eru tilvitnuð ákvæði umferðarlaga fortakslaus.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1957 27/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1958 17/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir óskráða bifreið.
- 1967 8/2 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 26., 37. og 48. gr. umferðarlaga.
- 1967 17/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli, 1.000 kr. sekt fyrir þar greind brot.
- 1969 23/9 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.
- 1970 7/4 í Kópavogi: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 38., 48., og 51. gr. umferðarlaga.
- 1971 29/1 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. umferðarlaga.
- 1972 17/2 í Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 6. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir eftir þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 600.00, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá dæmist ákærði til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 600.00, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1982.

Nr. 250/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur

vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Kristjánssyni

(Þorvaldur Ari Arason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 19. nóvember 1981. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 25. mars 1982.

Með bréfi 26. apríl 1982 hefur ríkissaksóknari lýst yfir því, að af hálfu ákærvalds séu niður felldar úr ákæruskjali 30.